

Stjórnarfundur JA á Íslandi, 21. september 2022, haldinn á Zoom

Mættir: Ágúst, Helga, Júlía, Sólveig, Sólrún, Aníta

Dagskrá

- Ársreikningur og gögn til PDA
 - Tekið var saman árshlutauppgjör til að senda til PDA. Farið yfir fjárhagsstöðu samtakanna sem er góð, staða á bankareikningi rúm 680 þúsund og hrein eign að teknu tilliti til ógreiddra gjalda um 580 þús kr. Síðar á árinu stendur til að prenta grunnskólahandbókina og ættu að vera til nægir fjármunir fyrir því. Væntanlega koma síðan inn enn frekari tekjur af bókasölu í framhaldinu. Umræður um hvað félagið eigi að gera við fjármunina til að efla útbreiðslu JA. Fram komu hugmyndir eins og að þýða verkfærspjöldin (spilastokkana), útbúa segla, útbúa fleiri veggspjöld, kaupa verktaka í þýðingavinnu, hefja starf við foreldrafræðslu o.fl. Einnig rætt að fá fram hugmyndir eða tillögur frá Nadine og/eða frá móðursamtökunum. Senda á félagsmenn hvatningu til að koma hugmyndum á framfæri, hvað er það sem fólk þarfnast. Tökum þetta til umræðu á fyrsta opna umræðufundi vetrarins og vinnum svo málið áfram á næsta stjórnarfundum.
- Heimsókn Nadine í október.
 - Nadine Gaudin kemur til landsins í næsta mánuði. Verður með námskeið í Reykjavík 10. okt og verður síðan á Húsavík seinni hluta þeirrar viku. ÁFJ sendir ítrekunarpóst um næstu helgi v/ skráningar á námskeiðið í Rvk.
- Fjármál og innheimtur félagsgjalda
 - Ákveðið að sleppa innheimtu félagsgjalda í bili. Aníta tekur lokayfirferð á félagaskrá m.t.t. greiðslna.
- Nýir skólar í hópnum
 - Vopnafjarðarskóli og Stekkjaskóli. Jónína ætlar að senda lista yfir leikskóla. Ágúst mun svo uppfæra lista á heimasíðu með flokkun eftir skólastigum.
- Námskeið framundan
 - Leikskólanámskeið í Rvk. 22.-23. sept, Leiðtoganámskeið í Rvk. 10. okt, Grunnskólanámskeið í Rvík 4.-5. nóv, Grunnskólanámskeið á Vopnafirði og Þórshöfn 28.-29. okt.
- Umræðufundir á netinu
 - Umræðufundir á zoom í vetur verða sem hér segir: 6. okt kl. 16:00, 15. nóvember kl. 20:00, 18. janúar kl. 16:00, 13. mars kl. 20:00. (Opnir fundir þar sem skólastarfsfólk sem er að vinna með Jákvæðan aga getur borið saman bækur sínar og skipst á hugmyndum, hægt að skipta upp í leikskóla- og grunnskólastig)
- Staða þýðingamála
 - Stefnt að útgáfu grunnskólahandbókar í lok október.

Næsti fundur áformaður 19. október.